

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur 11-2017

Tími: Þriðjudagur 15. ágúst 2017 á Keldnaholti og í síma kl. 14:00

Mætt: Björn Þorsteinsson, Bjarni Stefánsson, Helena Guttormsdóttir og Hafdís Hanna Ægisdóttir á Keldnaholti og Sigríður Hallgrímsdóttir og Þuríður Lillý Sigurðardóttir í símanum. Hilmar Janusson boðaði forföll. Guðríður Helgadóttir ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

2. Umræða um persónur í hlutverk setts rektors

Unnið er að því að finna hæfan einstakling í verkefnið. Niðurstöðu er að vænta fljótlega. Settur var saman listi yfir einstaklinga sem hugsanlega mætti ræða við og mun Sigríður koma nafnalista ráðsins á framfæri við ráðuneytið þegar háskólaráð hefur tekið formlega ákvörðun um þá einstaklinga sem það ætlar mæla með. Háskólaráð mun ræða áfram hvaða atriði það telur nauðsynlegt að hafa í erindisbréfi setts rektors.

3. Samningur við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti (anr)

Drög að samningi við anr hafa verið send á háskólaráð til skoðunar. Rætt var um ýmsa liði samningsdraganna. Rektor leggur til að honum verði falið að bregðast við athugasemdum og ganga svo frá þessum samningi eftir að framkvæmdastjórn og háskólaráð hafa fengið ráðrúm til að koma athugasemdum á framfæri.

4. Önnur mál

1) Staða á ráðningu ad hoc rektors vegna starfsmannamála

Málið er í ferli innan ráðuneytis.

2) Staða á vinnu starfshóps um eflingu Lbhí

Rætt var um stöðu og framtíð starfshóps um eflingu Lbhí og upplýsingagjöf til starfsmanna um þá vinnu sem þar hefur verið innt af hendi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:30.